

Efni: Heimild til að hefja verkefnið fundarumsjónarkerfi borgarstjórnar

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd skrifstofu borgarstjórnar, að hefja verkefnið fundarumsjónarkerfi borgarstjórnar.

Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – hugbúnaður og ný upplýsingakerfi / verkbeiðnanúmer 228206. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er mars 2024 – maí 2025. Heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 33 m.kr., sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum. Á framkvæmdatímanum mun skýrast með hvaða hætti er æskilegt að reka kerfið til frambúðar. Tillaga að rekstrarfyrirkomulagi mun því liggja fyrir við lok verkefnis.

Verkefnið samræmist stefnumörkun stafræns ráðs og var kynnt fyrir stafrænu ráði sbr. 4. lið fundargerðar ráðsins frá 13. mars 2024.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,



Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Forsaga

Í sveitarstjórnarkosningunum árið 2018 fjölgaði borgarfulltrúum í 23 og breyta þurfti fundarsal borgarstjórnar í Ráðhúsinu. Í tengslum við það var farið í útboð nr. 14228 í þeim tilgangi auka nýtingarmöguleika salarins og uppfæra tækjabúnað sem var að mestu leyti upprunalegur, viðhaldsfrekur og uppfyllti ekki nútímakröfur, en fram til þessa hafði viðhaldi verið frestað. Hagstæðasta tilboðið, kr. 22.300.567,-, var samþykkt á fundi innkauparáðs þann 5. júlí 2018. Útveguðu söluaðilar hugbúnað og hljóðnemastöðvar frá sitthvorum undirsöluaðilanum. Við innleiðingu kerfis kom í ljós að þjónustuveitandi hugbúnaðar gat ekki uppfyllt kröfur sem gerðar voru í útboðinu. Samkvæmt samkomulagi Reykjavíkurborgar við söluaðila var samningi rift árið 2019 og var endanleg greiðsla til þjónustuveitanda kr. 11.800.814,-. Reykjavíkurborg hélt eftir öllum vélbúnaði sem keyptur var á grundvelli útboðsins að andvirði kr. 4.595.252,- þ.e. myndavélum, hljóðnemum og hljóðnemastöðvum ásamt hugbúnaði.

Í kjölfarið var ákveðið að efna til nýs útboðs nr. 14705 sem snúa myndi að tæknilegri þjónustu við fundi borgarstjórnar. Niðurstöður útboðs leiddu til þess að gengið var að samningum við nýjan söluaðila í janúar 2020 þar sem m.a. var kveðið á um að notaður yrði allur sá búnaður sem borgin hélt eftir frá fyrra útboði ásamt því að farið var á leit við þjónustuaðila að þeir leggðu mat á, í samráði við forseta borgarstjórnar hvenær unnt yrði að hefja rafræna atkvæðagreiðslu og/eða taka upp andsvör úr sætum. Ítarleg skýrsla var í framhaldinu gerð af þjónustuaðila í samstarfi við skrifstofu borgarstjórnar árið 2021 um flæði funda og hvernig bæta mætti aðstöðu og koma á frekari sjálfvirkni í tengslum við fundarstjórn. Þegar kom að því að skoða lausnir á markaði sem uppfyllt gætu þarfir, kom COVID-19 heimsfaraldur í veg fyrir að hægt yrði að fara í þá vinnu með góðu móti og lagðist verkefnið í dvala um sinn. Var það svo í lok árs 2022 að forsætisnefnd fól þjónustu- og nýsköpunarsviði að útfæra stafræna lausn fyrir atkvæðagreiðslu og mælendaskrá á fundum borgarstjórnar.

Greinargerð:

Verkefnahópur framkvæmdi á síðasta ári greiningu á lausnum á markaði með tilliti til stafrænna lausna fundarumsjónarkerfa. Í kjölfarið af þeirri skoðun var lögð fram tillaga að framkvæmd fyrir verkefnaráð og var hún samþykkt. Sneri tillagan að því að kanna vilja Alþingis til að afhenda kóða fundarumsjónarkerfis í eigu ríkisins sem þegar hefur verið þróað frá grunni og mælst vel fyrir. Þannig yrði þróunarvinna ríkisins hagnýtt og fjármunir sparast þar sem ekki þyrfti að þróa kerfið frá grunni en það kerfi tekur á sömu áskorunum og eru fyrir hendi á fundum borgarstjórnar. Alþingi hefur nú veitt samþykki sitt og fól þróunaraðila sínum að afhenda hann. Hugbúnaðurinn yrði því endurnýttur en jafnframt aðlagður að þörfum borgarstjórnar. Leitast yrði eftir því að fá þróunaraðila kóðans í samstarfi við sérfræðinga á þjónustu- og nýsköpunarsviði til að útbúa nauðsynlegar aðlaganir. Má þar nefna uppsetningu gagnagrunns og tengingar við nauðsynleg kerfi Reykjavíkurborgar. Vinnan yrði framkvæmd í svokölluðum verkþrepum þar sem framvinda og árangur yrðu metin að hverju verkþrepi loknu og ákvörðun tekin um framhald á samstarfi og markið næsta verkþreps sett fram. Slíkt verklag myndi auka gagnsæi og tryggja betri yfirsýn og innanhúss þekkingu á kerfinu. Á framkvæmdatímanum myndi svo skýrast með hvaða hætti yrði æskilegast að kerfið yrði rekið til frambúðar. Tillaga að rekstrarfyrirkomulagi myndi því liggja fyrir við lok verkefnis.



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Ávinningurinn af verkefninu er skilvirkari, aðgengilegri og markvissari upplýsingagjöf til borgarbúa sem samræmist þjónustustefnu Reykjavíkurborgar. Framkvæmd verkefnisins leiðir sömuleiðis af sér bætt starfsumhverfi fyrir starfsfólk skrifstofu borgarstjórnar og ekki síst kjörna fulltrúa.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er mars 2024 – maí 2025. Heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 33 m.kr., sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Virðingarfyllst,

Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur